

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 244/2020

2023/EES/70/68

frá 30. desember 2020

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2174 frá 19. október 2020 um breytingu á I. viðauka C, III. viðauka, III. viðauka A, IV., V., VII. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 2174:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2174 frá 19. október 2020 (Stjtið. ESB L 433, 22.12.2020, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/2174, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 433, 22.12.2020, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.